

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Garðabæ.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Garðabæ eins og nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:		kr.
Blandaður úrgangur	240 l	51.285
Blandaður úrgangur	660 l	141.034
Blandaður úrgangur	Djúpgámur	1.068.439
Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappírsefni:		
Pappír/pappi	240 l	8.428
Pappír/pappi	660 l	23.147
Pappír/pappi	Djúpgámur	175.585
Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plastefni:		
Plast	240 l	9.389
Plast	660 l	25.820
Plast	Djúpgámur	195.602
Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, matarleifar:		
Matarleifar	140 l	12.881
Matarleifar – gámur	3.000 l	276.018
Gjald fyrir tvískiptar tunnur:		
Matarleifar/blandað	Tvískipt 240 l	39.604
Pappír/plast	Tvískipt 240 l	17.817

3. gr.

Gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva er 23.147 kr./íbúð. Gjaldi vegna grenndar- og endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Garðabæjar í rekstri grenndar- og endurvinnslustöðva SORPU bs.

4. gr.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, akstur og skráning íláta er 4.200 kr. fyrir hvert sinn sem óskað er breytinga.

5. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. og 3. gr. eru þeir sömu og vegna fasteignagjalda og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1566/2023.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 4. desember 2025.

Lúðvík Örn Steinarsson,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

B deild - Útgáfudagur: 13. janúar 2026